

Verkefnalisti – Foreldraráð

Foreldraráð samanstendur af að lágmarki þremur foreldrum í hverjum flokki. Að lágmarki einn aðstandandi skal vera frá hvorum árgangi í flokknum. Foreldraráð skal valið á haustinn í byrjun tímabils og skal sitja út keppnisárið.

Markmið

- **Styðja við þjálfara og lið.** Skapa öflugt umhverfi í kringum flokkinn svo þjálfarar geti einbeitt sér að þjálfun.
- **Efla samskipti.** Tryggja að foreldrar, þjálfarar og félagið séu samstíga og upplýst.
- **Virkja aðra foreldra.** Halda utan um skipulag og sjá til þess að verkefni flokksins dreifist jafnt á alla foreldra.

Verkefni

- **Tengiliður á milli foreldra og félags:** Miðla upplýsingum og fylgja á eftir að samskipti séu skýr og í tíma.
- **Sjá um samfélagsmiðla.** Fylgja eftir að efni frá flokknum sé deilt á samfélagsmiðlum deildarinnar í samráði við þjálfara og fylgja stefnu í notkun samfélagsmiðla.
- **Aðstoða við mótaskráningu.** Aðstoða þjálfara við mótaskráningar og ýta á að foreldrahópurinn skili skráningum tímalega.
- **Skipuleggja vaktir.** Skipuleggja vaktir á heimaleikjum meistaraflokka félagsins, sjá til þess að manna þau verkefni sem flokknum er útdeilt t.d. sjoppa, moppur.
- **Skipuleggja viðburði.** Skipuleggja að lágmarki tvo félagslega viðburði á tímabili í samráði við þjálfara. t.d. bíókvöld, pizzakvöld, foreldraæfingu eða aðrar skemmtanir.
- **Skipuleggja aðkomu foreldra að gistimótum.** Sjá til þess að gistimótin séu mönnuð af foreldrahópnum.
- **Ásamt öðrum tilfallandi verkefnum**

Skipulag

- Fundir á fjögurra til sex vikna fresti.
- Regluleg samskipti við þjálfara flokksins.
- Næsti tengiliður er íþróttastjóri félagsins.

